

# Fundur í fagráði nautgriparæktar 23. ágúst 2023

## Fundargerð

Fundurinn var fjarfundur í Microsoft Teams, haldinn 23. ágúst 2023 og hófst kl. 10.00.

**Mættir:** Þórarinn Leifsson, Hermann Ingi Gunnarsson, Elín Heiða Valsdóttir, Guðrún Eik Skúladóttir, Ágúst Sigurðsson, Guðrún Björg Egilsdóttir, Sigurbjörg Bergsdóttir og Guðmundur Jóhannesson er ritaði fundargerð. Björn S. Gunnarsson og Egill Gautason boðuðu forföll.

### Dagskrá:

1. Fundarsetning og fundargerð síðasta fundar
2. Ný naut í notkun
3. Staðan í DNA-sýnatöku
4. Staðan í undirbúningi við framleiðslu á kyngreindu sæði
5. Lokaskýrslur verkefna
6. Önnur mál

### 1. Fundarsetning og fundargerð síðasta fundar.

Þórarinn Leifsson, formaður fagráðs, setti fund og stýrði honum. Fundargerð síðasta fundar, dags. 11. apríl 2023, samþykkt en hún hafði áður verið afgreidd óformlega í tölvupósti.

### 2. Ný naut í notkun.

Guðmundur fór yfir keyrslu erfðamats sem hann sagði vera að komast í nokkuð fast form þar sem keyrt væri mánaðarlega. Breytingar á nautum í notkun eru minni háttar milli keyrslna hverju sinni.

Guðmundur fór yfir nautaárganga 2018-2022 og sagði búið að setja flest þau naut sem til álita kæmu í notkun, þó væru nokkur naut sem rétt væri að horfa til en þau hafa verið látin bíða vegna þess að hálfbræður þeirra eru í notkun.

Ákveðið að setja eftirfarandi naut í notkun; Vorsa 22002, Svarfdal 22006, Hnall 22008, Kajak 22009 og Ægi 22010. Úr notkun fari Títan 17036, Tindur 19025 og Bersi 20004 þar sem notkun á þeim er orðin mjög lítil. Þannig verða 19 naut í notkun næstu vikur eða þar til annað verður ákveðið.

### 3. Staðan í DNA-sýnatöku.

Guðmundur fór yfir stöðu í sýnatöku og arfgreiningum. Enn hefur nokkur hluti búa ekki pantað sýnatökumerki en gangur í arfgreiningum er góður og kvígur að öllu jöfnu komnar með erfðamat 2-3 mánuðum eftir fæðingu.

Ákveðið að minna bændur á að panta sýnatökumerki með t.d. grein í Bændablaðið og tilkynningu á Huppu.

#### 4. Staðan í undirbúningi við framleiðslu á kyngreindu sæði.

Formaður fór yfir stöðu mála varðandi undirbúning að innleiðingu á kyngreindu sæði. Búið er að gera kostnaðaráætlun og leita eftir fjármögnun hjá afurðastöðvum og ríki. Afgreiðslufrestur á tæki er til þess að gera stuttur eða um 3 mánuðir. Á nautastöðinni er aðstaða fyrir hendi en gera þarf ákveðnar innanhússbreytingar og kaupa tækjabúnað. Guðmundur og Sveinbjörn fóru til Noregs í vor og skoðuðu kyngreiningaraðstöðu hjá Geno. Þar kom fram að viðbúið er að þjálfun starfsfólks taki töluverðan tíma. Verið er að skoða hvort hægt er að flytja íslenskt nautasæði til Noregs til prófunar. Þar eru þó ýmsar hindranir í veginum vegna krafna ESB og Norðmanna. Jafnframt er verið að skoða hvort gerlegt sé að kyngreining fari alfarið fram í Noregi, það er að sæði væri flutt út til kyngreiningar og svo fryst til baka. Guðmundur og Sveinbjörn eru að skoða þennan möguleika í samstarfi við Matvælastofnun. Á þessari stundu er alls ekki hægt að segja til um hver niðurstaða þessa verður en líklegt að heilbrigðiskröfur setji okkur stólinn fyrir dyrnar nema því aðeins að nautastöðin fái ESB-leyfi. Það mun leiða til verulegs kostnaðar vegna sýnatöku og skimunar fyrir sjúkdómum.

#### 5. Lokaskýrslur verkefna.

Frá síðasta fundi hefur borist ein lokaskýrsla verkefnis sem hlaut styrk úr þróunarsjóði. Hér er birt yfirlit/ágrip/samantekt úr skýrslunni.

##### **Frá færni til sjálfbærni – innleiðing bændahópa. Ráðgjafarmiðstöð landbúnaðarins, Þórey Gylfadóttir.**

###### **Samantekt**

*Verkefnið, Frá færni til sjálfbærni, gekk út á að innleiða bændahópa sem nýja leið í ráðgjöf til bænda að finnskri fyrirmynd. Mikil og góð reynsla er erlendis af því að samtvinna faglega ráðgjöf við jafningjafræðslu milli bænda í afmörkuðum hópum. Ráðgjöf í þessum hópum fer fram með öðrum hætti en sú ráðgjöf sem við almennt þekkjum og kallar hún á nýjar nálganir og aðra aðferðafræði en ráðunautar eru almennt vanir að nota í sinni ráðgjöf. Því var nauðsynlegt fyrir starfsmenn Ráðgjafarmiðstöð landbúnaðarins (RML) að afla sér þekkingar í kennslufræðilegum nálgunum ásamt því að flétta inn áhrifum ólíkra persónuleika á hópa- og samvinnu en mikilvægt er að geta lesið í ólíka styrkleika þátttakanda til að sem bestur árangur.*

*RML ákvað að leita til Anu Ella sérfræðings hjá ProAgria í Finnlandi en hún hefur unnið í mörg ár með bændahópum í Finnlandi auk þess að hafa innleitt þessa hugmyndafræði hjá ráðunautum í Noregi. En auk þess að kynna starfsmönnum RML hugmyndafræði og aðferðafræði þessarar ráðgjafar þá leiðbeindi hún líka um ýmist hagnýt atriði sem er mjög mikilvægt til að auðvelda innleiðingu nýrrar aðferðar þar sem að mörgu er að hyggja. Dagskrá hvers fundar, eða hittings, er fyrir fram ákveðin og vel skipulögð en þó alltaf, nema fyrsti fundur, í samráði við þátttakendur í hverjum hóp. Alltaf eru tveir með hvern hóp og hafa fyrir fram ákveðin hlutverk og verkaskiptingu. Mikill undirbúningur liggur að baki hvers fundar þó svo ekki séu löng fræðsluerindi því mikið er lagt upp úr að allir í hópunum taki þátt. Því er vinnan á hverjum fundi skipulögð og búið að velja aðferðir sem líklegast eru til að skila sem bestum árangri fyrir þátttakendurnar. Samsetning hópsins getur þannig haft áhrif á hvaða aðferðir er best að nota til að vinna með viðfangsefnið hverju sinni til að sem bestur árangur náist. Þetta nýja fyrirkomulag þessarar nýju gerð ráðgjafar einkennist því af miklu skipulagi, umhugsun og undirbúningi fyrir sérhvern hópa fund þó að bændurnir verði þess ekki endilega varir á fundinum sjálfum.*

*Búið er að starta tveimur bændahópum, öðrum staðsettum á Suðurlandi og hinum á Norðurlandi. Skráningar voru góðar og náðist í þann fjölda sem stefnt var að, eða 10 bú í hverjum hóp. Í upphafi var*

*gert ráð fyrir að hver hópur mundi hittast 5 sinnum yfir árið en ákveðið var að fyrstu tveir hóparnir mundu hittast sex sinnum þar sem fyrsti og síðasti fundurinn yrði í fundarsal en fjórir fundir á sitt hvorum bæ einhvers úr hópnum.*

## 6. Önnur mál.

Rætt um nýtt kynbótaskipulag. Guðmundur sagði vinnu við það fara af stað í vetur en skipulagið þyrfti að svara spurningum eins hvað arfgreina ætti marga nautkálfa, hvort velja ætti þá með aukinni á áherslu á takmörkun skyldleika, hversu marga sæðisskammta ætti að taka úr hverju nauti o.s.frv.

Ákveðið að leita eftir bráðabirgðamati til þess að vinna eftir varðandi sæðistöku.

Hermann spurði um hvernig mál stæðu varðandi sæðingaappið. Guðmundur sagði undirbúningi lokið og fyrir lægi tilboð frá Mtech í Finnlandi sem taka þyrfti afstöðu til. Þar væri stærsta spurningin hvaða möguleikar ættu að vera í appinu eins og varðandi tímaskráningu frjótækna en það réði töluverði um verðið. Á næstu dögum þyrfti RML að funda með fulltrúum kynbótastöðvanna og ákveða framhaldið en frá ákvörðun um kaup tæki 3-4 mánuði fyrir Mtech að klára appið. Það gæti því litið dagsins ljós á fyrstu vikum nýs árs.

Fleira ekki tekið fyrir og fundi slitið.

Þórarinn Leifsson  
(sign.)

Guðmundur Jóhannesson  
(sign.)

Elín Heiða Valsdóttir  
(sign.)

Guðrún Eik Skúladóttir  
(sign.)

Hermann Ingi Gunnarsson  
(sign.)

Guðrún Björg Egilsdóttir  
(sign.)

Ágúst Sigurðsson  
(sign.)

Sigurbjörg Bergsdóttir  
(sign.)

## Fylgiskjöl:

1. Fundargerð 11. apríl 2023
2. Niðurstöður erfðamats í ágúst 2023
3. Lokaskýrslur verkefna